

Kvennalistinn: Mbl. 6.9.189

## Kvótanum verði skipt milli byggðarlaga

Kvennalistinn hefur sent frá sér ályktun þar sem lýst er yfir þungum áhyggjum yfir því ástandi sem skapast hefur víða um land vegna nógildandi stefnu í sjávarútvegs-málum.

Í ályktun Kvennalistans segir: „Hvert byggðarlagið af öðru, Keflavík, Þórshöfn, Patreksfjörður, Hofsvík, hefur mátt þola skipasölur með tilheyrandi kvótaflutningum á undanförunum mánuðum. Slíkir atburðir skekja undirstöður byggðarlaga, sem byggja tilveru sína nær eingöngu á sjávarútvegi.

Stjórnvöldum ber siðferðisleg skylda til að liðsinna byggðarlögum í tímabundnum þrengingum. Aðalatriðið er þó, að menn átti sig á því, að atburðir sem þessir munu halda áfram að gerast svo lengi sem fisk-

veiðkvótinn er bundinn við skip.

Kvennalistakonur gerðu sér fyrir löngu grein fyrir hrikalegum afleiðingum nógildandi fiskveiðistefnu. Í ljósi síðustu atburða er vert að minna á tillögur, sem Kvennalistinn kynnti opinberlega þegar haustið 1987. Samkvæmt þeim yrði fiskveiðikvótinn ekki lengur bundinn við skip, heldur yrði a.m.k. 80% af heildarafl- anum skipt milli byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla fyrri ára.

Hefðu tillögur Kvennalistans náð fram að ganga þegar þær voru lagðar fram fyrir tveimur árum væri ástandið annað nú á þeim stöðum sem sætt hafa þungum búsiþjum vegna vondra laga. Kvennalistakonur leggja áherslu á nauðsyn þess að breyta nógildandi stefnu við endurskoðun laganna á komandi þingi.“

undur tekur við ritsafni eigin bóka úr hendi Snorra Egilssonar, framkvæmdastjóra Íslenska bókaklúbbsins.

Mbl. 6.9.189

## Kvennalisti boðar byggða- kvóta

Kvennalistakonur lýsa þungum áhyggjum yfir því ástandi, sem skapast hefur víða um land vegna nógildandi stefnu í sjávar-

útvegmálum. Í fréttatilkynningu segir m.a. um sjónarmið Kvennalista:

„Stjórnvöldum ber siðferðileg skylda til að liðsinna byggðarlögum í tímabundnum þrengingum. Aðalatriðið er þó, að menn átti sig á því, að atburðir sem þessir munu halda áfram að gerast svo lengi sem fiskveiðikvótinn er bundinn við skip.

Kvennalistakonur gerðu sér fyrir löngu grein fyrir hrikalegum afleiðingum nógildandi fiskveiðistefnu. Í ljósi síðustu atburða er vert að minna á tillögur, sem Kvennalistinn kynnti opinberlega þegar haustið 1987. Samkvæmt þeim yrði fiskveiðikvótinn ekki lengur bundinn við skip, heldur yrði a.m.k. 80% af heildarafl- anum skipt milli byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla fyrri ára.“



100 x